

# Foreldrafélag Menntaskólans í Reykjavík

## Starfsreglur stjórnar

### 1. Fundir stjórnar

Stjórn fundar eftir þörfum, þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á starfsári og fær til þess aðstöðu í skólanum. Formaður boðar til fundanna með tölvupósti. Í fundarboði er sett fram dagskrá fundarins. Stjórn er ályktunarbær ef meirihluti stjórnarmanna mætir. Komi til atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti mættra stjórnarmanna, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Ritari ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum á tölvutæku formi fljótlega eftir fund. Fundargerðin er send til skólastjóra ef engar athugasemdir berast innan fimm daga frá því að hún er send út. Ýmis gögn félagsins eru í vörslu formanns foreldraráðs og eru geymd í skáp viðkomandi í skólanum.

### 2. Verksvið stjórnarmanna

Formaður stjórnar:

- Hefur umsjón með tengslum við skólastjórnendur
- Er fulltrúi foreldrafélagsins í skólanefnd (áheyrnarfulltrúi).
- Hefur umsjón með tengslum við nemendaráð
- Hefur umsjón með tengslum við aðila utan skólans
- Boðar stjórnarfundi með dagskrá og stýrir þeim
- Hefur yfirsýn yfir starfsemi foreldrafélagsins og heldur utan um gögn sem fylgja starfinu
- Sér til þess að starfsáætlun sé fylgt eftir
- Vinnur að ársskýrslu ásamt ritara og gerir grein fyrir henni á aðalfundi foreldraráðsins
- Vinnur að öðrum aðkallandi verkefnum

Varaformaður:

- Er staðgengill formanns
- Hefur yfirumsjón með tengslum við nefndir sem starfa á vegum foreldraráðsins
- Sér um tengsl við nemendafélagið, námsráðgjafa og forvarnafulltrúa skólans.
- Er fulltrúi foreldra við undirbúning og skipulag skemmtanahalds og ferðalaga á vegum skólans
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Ritari:

- Ritar fundargerðir á fundum foreldraráðsins sendir til foreldraráðs og skólastjóra og ber ábyrgð á að samþykktar fundargerðir séu birtar á vef skólans
- Ber ábyrgð á vef foreldraráðsins sem er vistaður á heimasíðu skólans
- Á sæti í vefráði skólans (vefráð er ritsjórn fyrir vef skólans), ef við á

- Ber ábyrgð á fréttabréfi foreldraráðs
- Miðlar upplýsingum til foreldra, nemenda, kennara og samfélagsins í samstarfi við stjórn, skrifar fréttir og tilkynningar inn á vef félagsins og í fréttabréf
- Uppfærir handbók. Tilkynnir breytingar á stjórn foreldrafélagsins til skólans og Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra
- Vinnur að ársskýrslu ásamt formanni

Gjaldkeri:

- Sér um fjárreiður félagsins
- Heldur utan um innheimtu félagsgjalda ef það á við
- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldraráðsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Meðstjórnandi/endum:

- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldraráðsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Aðstoðar við skipulag ferða og skemmtana á vegum skólans.
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Dags.

Undirritun stjórnarmanna: